

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR

Hjólbarðaverkstæði

VB Dekk ehf, kt.650718-0620

Hásteinsvegi 23, 900 Vestmannaeyjum

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur hjólbarðaverkstæða.	550/2018 5. gr.	
1.2	Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykkt notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3	Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4	Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	

2. ÁSÝND LÓÐAR OG LÓÐAMÖRK

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Rekstraraðili skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota.	112/2012 og rgl. nr. 550/2018	
2.2	Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. felgur og ónýta hjólbarða á lóðum þannig að snúi að almannafæri eða valdi slyshættu.	737/2003 16. gr.	
2.3	Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum.	737/2003 17. gr.	

3. MENGUNARVARNIR

	Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1 Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	

4. ÚRGANGUR

	Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1 Geymslu á hjólbörðum fram að förgun skal haldið í lágmarki. Geyma skal hjólbarda í gámum eða öðrum lokuðum hirslum þar sem ekki stafar eldhætta af.	737/2003	
4.2 Ónýtum hjólbörðum ber að skila til viðurkenndra móttökuaðila.	737/2003	
4.3 Úrgangsbýli skal skila til viðurkenndra móttökuaðila. Blý er spilliefni og hættulegt í umhverfi og skal leitast við að nota önnur efni til jafnvægisstillinga.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	
4.4 Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	
4.5 Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.	806/1999 og rgl. nr. 737/2003	

Starfsleyfisskýrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, byggingarreglugerð nr. 112/2012, auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

Selfossi, xx.xxx 2022.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

xyz,
heilbrigðisfulltrúi.